

Erindisbréf

Samfélagsnefnd Fljótsdalshrepps

Á fundi sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps 07.08 2018 var ákveðið að skipa stýrihóp/nefnd sem hefði það verkefni að leita leiða til að efla byggð og samfélag í Fljótsdal.

Leitað var eftir tilnefningu íbúa um 2 aðila úr sveitarstjórn og 2 aðila utan sveitarstjórnar til að sitja í nefndinni. Einnig óskaði sveitarstjórn eftir að Austurbrú ses legði verkefninu lið og tilnefndi 1 aðila í nefndina. Skipað var í nefndina á fundi sveitarstjórnar 11.09 2018.

Samfélagsnefnd er þannig skipuð:

Úr sveitarstjórn- kjörnir af íbúum

Aðalmenn:

Lárus Heiðarsson, Droplaugarstöðum

Jóhann F. Þórhallsson, Brekkugerði

Varamenn:

Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Víðivöllum fremri

Anna Jóna Árnarsdóttir, Bessastaðagerði

Úr samfélaginu- kjörnir af íbúum

Aðalmenn:

Arna Björg Bjarnadóttir, Valþjófsstað 1

Þórhallur Jóhannsson, Brekkugerði

Varamenn:

Gunnar Gunnarsson, Egilsstöðum

Steingrímur Karlsson, Valþjófsstað 1

Tilnefnd af Austurbrú

Aðalmaður:

Signý Ormarsdóttir

Varamaður:

Jóna Árný Þórðardóttir

Nefndin starfar skv. sveitarstjórnarlögum og samþykkt um stjórn og fundarsköp Fljótsdalshrepps.

Nefndin hefur starfað tímabundið frá og með 11.09 2018 til ársloka 2019. Í fyrra erindisbréfi nefndarinnar var kveðið á um að „eigi síðar en þremur mánuðum áður en nefndin líkur störfum tekur sveitarstjórn Fljótsdalshrepps ákvörðun um hvort starfstími nefndarinnar verði framlengdur og hvort þá verði skipað í nefndina að nýju“. Sveitarstjórn ákvað á fundi 02.09 2019, að ekki yrði skipað í nefndina að nýju, en tilgreindir varamenn í erindisbréfi og er nefndin nú skipuð til ársloka 2022.

Nefndin kaus sér formann, varaformann og ritara á fyrsta fundi. Nefndin hefur sjálfðæmi um verkaskiptingu innan nefndarinnar á því tímabili sem hún starfar. Komi til breytinga á verkaskiptingu skal það tilkynnt til sveitarstjórnar.

Markmið með vinnu nefndarinnar er að leita leiða til að efla og styrkja samfélag í Fljótsdalshreppi með því m.a. að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra, fyrirtækja í hreppnum og annarra¹ sem geta lagt verkefninu lið við að sjá framtíðarmöguleika byggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við sveitarfélagið. Austurbrú ræður verkefnisstjóra í samráði við samfélagsnefndina á grundvelli samnings milli Austurbrúar og Fljótsdalshrepps. Yfirmaður verkefnisstjóra er framkvæmdastjóri Austurbrúar. Verkefnisstjóri er með starfsstöð hjá Austurbrú á Egilsstöðum og með reglulega viðveru í Fljótsdal. Verkefnisstjóri er starfsmaður nefndarinnar og fylgir eftir þeim ákvörðunum sem teknar eru um framgang verkefnisins.

Nefndin fundar svo oft sem talin er þörf á. Nefndin hefur ekki sérstakan fjárhag og skulu því ákvarðanir nefndarinnar sem hafa fjárhagsleg áhrif umfram fjárhagsáætlun sem sett er fram í verkefninu fyrir hvert ár og samþykkt sem hluti af fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps, bornar undir sveitarstjórn til samþykktar.

Nefndin fylgir málum eftir í nánú samstarfi við sveitarstjórn. Samfélagsnefnd og sveitarstjórn ásamt verkefnisstjóra skulu funda a.m.k. á þriggja mánaða fresti þar sem farið er yfir verkefni og verkaskiptingu milli samfélagsnefndar og sveitarstjórnar. Ef þurfa þykir situr framkvæmdastjóri Austurbrúar fundina.

Fundargerðir nefndarinnar eru lagðar fyrir sveitarstjórn til kynningar og samþykktar.

¹ Þ.e. brottfluttur, afkomendur Fljótsdælinga, jarðar- og sumarbústaðaeigendur.